

REGLUGERÐ

**um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1189
frá 28. apríl 2015, um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og
ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi
visthönnun katla fyrir eldsneyti í föstu formi.**

1. gr.

Eftirfarandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB), sem vísað er til á eftir liðum 6n og 260 í kafla IV í II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/2016, frá 5. febrúar 2016, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af IV. kafla II. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1189, frá 28. apríl 2015, um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun katla fyrir eldsneyti í föstu formi.

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1189 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 27/2016, 12. maí 2016, bls. 2003.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 16. gr. laga nr. 42/2009, um visthönnun vöru sem tengist orkunotkun, öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 20. júní 2016.

Ragnheiður Elín Árnadóttir
iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Erla Sigríður Gestsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 6. júlí 2016